



„Hinir bjóðkunnu menn og hinn bungbúni nafnlausí skari...“

Af Sigmund Jóhannssyni teiknara í
Vestmannaeyjum, sem sér um hinn daglega
skopskammt Morgunblaðsins

Eftir Gísla Sigurðsson

ÞAÐ efni Morgunblaðsins, sem flestir renna augum fyrir á hverjum drottins degi er trúlega skopmyndin, sem Sigmund teiknari í Vestmannaeyjum lætur blaðinu í té. Enginn er svo önnur kafinn að hann staldri ekki við fáein andartök á dagbókarsíðunni, jafnvel þótt leiðarinn sé láttinn blða. Í teikningum Sigmunds er landinn ljósflandi í orðum og athöfnum, ýmist í gerfi hins sauðsvarta almúga eða framámannna bjóðfélagsins. Þegar til lengdar lætur, myndar þessi teikningaröð einskonar annál og væri hægt að komast nærrí um hvað við hefur boríð með því einu að skoða þessar myndir. Sigmund hefur þann hæfileika í ríkum mæli að geta skopteiknanað menn; auk þess hafa myndir hans í seinni tilfengið á sig festu og öryggi atvinnumenningukunar. Skopíð er ugglust á íslenzkan máta; ekki alltaf ýkja finlegt. Sumir kalla það verstöðvahumor, en þesskonar gamansemi sýnist ná vel til hjartans í landanum.

Parna birtast okkur með morgunkaffinu „hinir bjóðkunnu menn, og hinn bungbúni, nafnlausí skari“, eins og Steinn Steinarr orðaði það í ljóðinu. Annað veifið má sjá brúnaþjungan Sónes við Kröflu eða háleitan Thoroddsen í orkuhugleiðingum, að ógleymdum Geir með kónganefið góða, sem ekki minnkari í meðferðinni. Forsetinn fær að mig minnir að vera nokkurn veginn í friði og er það gagnstaett því sem gerist sums staðar erlendis þar sem forsetar eru megin viðfangsöfn skopteiknara.

Sigmund Jóhannsson hefur þá sértöðu að vera fastráðinn starfsmáður á Morgunblaðinu — með búsetu í Vestmannaeyjum. Skopteikningar í því formi sem þær eru nú, hafa birzt allt frá 1963; samtals 1970 myndir þegar þetta er fest á blaði. Þar að auki hafa út gengið frá hendi Sigmunds 450 annars konar teikningar, sem birzt hafa í Morgunblaðinu, eða alls 2420 teikningar. Þessu er auðvelt að fylgjast með, því Sigmund númerar

allar sínar myndir og skrifar það á myndina ásamt með dagsetningu.

Þetta verður að teljast óvenjuleg reglusemi; venjulega fer lítið fyrir þesskonar nákvæmni hjá listamönnum og algengara að málarar hafi hvorki skráningu á því, hversu margar myndir þeir gera, né heldur hvar þær lenda. Kanske er þetta frávik í reglusemi vegna þess að Sigmund er að öðrum þræði uppfinningamaður með tilfinningu fyrir vélrænu samspili. Sú gáfa er stærðfræðilegs eðlis og byggir á rökhyggju — þrátt fyrir merkan árangur á vélræna svíðinu, hefur Sigmund lagt á hilluna allt þess konar sýsl til þess að geta einbeitt sér að hinum daglega skopskammti Morgunblaðsins.


Runar hafa þó orðið frávik frá þeirri reglu. Þegar upp komu hugmyndir um hitaveitu í Eyjum, vann Sigmund með Raunvislindadeild Háskólags að framkvæmd þeirrar tilraunaveitu, sem nú er orðin staðreynd og gefst vel. Það er mörgum

undrunarefni hvað hitinn helzt lengi í hrauninu. Með einangrun er hægt að koma á hringrás vatnsins, sem rignt hefur niður í hraunið og þar með er hraumið orðið eins konar miðstöðvarketill. Þetta hefur verið síðasta verkefni Sigmunds á tæknisviðinu, sem er heimur út af fyrir sig og betra að hætta sér ekki um of út á þann hála ís.

O


Þegar gaus suður af Vestmannaeyjum um árið og Surtsey myndaðist var Sigurður Þórarinson par með annan fótinn. Ein af þessum ferðum Sigurðar varð Sigmund tilefni til skopteikningar sem birtist í Morgunblaðinu 25. febrúar 1964 og var sú fyrsta í röðinni. Síðan hafa sumsé næstum tvö þúsund teikningar birzt og Sigmund hefur verið fastráðinn í nokkur ár.

Hann gengur að þessu eins og hverri annarri vinnu og miðar við að fullgera eina mynd á dag. Segja má að verkið sé hálfnað þegar hugmynd-



Sigmund Jóhannsson á teiknistofunni í Eyjum. „Mín hugmynd um gott líf er að vera heima — æsingalitið“

1970



Ljóð! Já Já!! Nei Nei!! Höfundur syngur.
Lag: „Ég veit ei hvað skal segja“.

SIGMUND

SIGMUND

1964



SKOZKU sérfræðingarur munu halda áfram Gæsarárannsóknum sínum í sumar.

SPÍRAMÁLIÐ Í VÉLRITEINUM

Gos - Reykjavík — Spíramálit
svonefða, sem lengi var á vísam
mannar er nu í vélritum að flauta
málið um ófyrirvara. Þótt ófyrirvara
var Augísl Pribjónssyni, dómara hjá flautafláðum
tali framkvæðanámsins, mál
inni ófyrirvara, verður
málið sent flautakastana með
vélritun er leikti.

1975



Fáðu þér annan, ef þú ert ekki alveg viss! Svo að ég fari nú ekki að vélrita einhverja vitleysu!

Ítið uppá, að 2000 myndir hafi birzt. Stillinn og tök Sigmunds á þessu árabili.

H-umferðin hefur gengið mjög vel. Þó hafa myndast umferðarnúmer á stöku stað!

Teikningar eftir Sigmund hafa birzt í Morgunblaðinu síðan 1963 og vantar nú sjálfri teikningunni hafa þróast eins og sjá má á meðfylgjandi teikningum frá

in er fundin og það er sjálfgefið að atvinnu-húmoristi og teiknari af þessu tagi, verður að hafa öll skilningarár opin, að fylgjast með hræringum þjóðfélagsins. Í þeiri eru er drýgt að lesa blöðin, enda fær Sigmund þau öll og les þrasið að mestu leyti. Það, út af fyrir sig er talsverð vinna.

Það er þó engan veginn svo að hugmyndaskortur sé til tafala; fremur það gagnstæða. Oft kveðst Sigmund hafa margar brúklegar hugmyndir eftir að hafa lesið hinn daglega skammt blaðanna.

Pessi lestar og að velta vöngum yfir hugmyndinni er verkefni síðdegisins. Þegar líður að kvöldi er ákvæðið, klappað og klárt, hvað tekið verður fyrir og reynðar búað að rissa eitthvað upp í grófum dráttum áður en gengið verður til rekju.

Með þennan undirbúning að baki, vaknar Sigmund árla morguns, hress og vel upp lagður og byrjar á sjálfa

handverkinu. Hann leggur mikla vinnu í smáatriði, sem setja svip sinn á heildina og vinnur jöfnum höndum með flinum penna og svo grönnum pensli að i honum sýnast aðeins örfá hár.

Burfi Sigmund að bregða sér frá eða taka sér fri af einhverjum ástæðum, þá reynir hann að undirbúa það með því að vinna fleiri en eina mynd á dag.

Stundum hefur hann setið við frammá nött og komið af þremur á dag, en það útilokað nema einstaka sinnum. Sjálf vinnan við teikningarnar er það mikil. Best er að vera heima og láta verkið ganga sinn rólega og hnitið ganga eins og gegningar að vetrarlagi. Og til þess að nætur-svefninn verði vær, er betra að hafa allt á hreinu um myndina, sem teiknud verður í spíramálið.

Ég hef orðið var við að ýmsir gera sér talsvert aðra hugmynd um tilurð skopmynda, sem endurspeglar menn

og málefni líðandi stundar. Þeir segja: Svona teiknari hlýtur að vera daglegur gestur á barnum á Borginni eða í Naustinum. Eða þá að hann haldi sig í heita pottinum í laugunum í hádeginu, þar sem käftakerlingar bæjarins smjatta á slúðursögum. En samkvæmt framansöguðu er þetta einfaldlega ekki þannig; það dugar að búa í Vestmannaeyjum, hlusta á fréttirnar í útvarpi og sjónvarpi og lesa blöðin. Sigmund er ekki samkvæmishetja og gerir ekki tilförluit á bari. Hann er þvert á móti: Heimakær og afskaplega mikil bundinn sín umhverfi í Eyjum.

Um þau miklu umskipti sem urðu þar af völdum gossins segir hann:

„Allt verðmáttamat gerbreyttist hjá mér við gösið. Þá var ekki hægt að sjá annað en allt væri glatað, — og þá rann það upp fyrir manni, hvers virði það var að hafa búa í Vestmannaeyjum og átt þetta land. Í fyrstu var ég ásamt öðrum svo önnum kafinn að

ganga frá búslóðum og koma þeim í burtu og auðvitað vorum við allir þeittir. Ég hugsaði ekki mikil um framtíðina þá; hverjum degi nægði sín þjáning“.

Sigmund var með atvinnurekstur í Eyjum fyrir gos; hann teiknaði fiskvinnumálar, sem voru síðan framleiddar í vélaverkstaðinu Þór h/f Vestmannaeyjum. Því er hann hættur ný.

Eftir Gos festi hann sér líbuð í Breiðholti. Um tíma vann hann í samvinnu við Teiknistofu SÍS og ól var sú vinna í sambandi við breytingar á frystihúsum. Hann átti þátt í að innleiða nýja frystítækni sem sett var í frystihús í Þorlákshöfn í samvinnu við Meitilinn h/f. Þó hví tilefni fluttist Sigmund með fjölskyldu sina austur þangað. Þau kunnu bærlæga við sig, enda þótt ærinna munur sé að umhverfi þar og í Eyjum. Á þeim tíma létt

Framhald á bls. 6

SIGMUND

Framhald af bls. 5

Sigmund það hvarfla að sér að setjast að í Þorlákshöfn fyrir fullt og fast.

Af því varð þó ekki; Sigmund fylgdi þeim meirihluta Vestmannaeyinga sem heim sneri. Og þó er hann ekki einn hinna innfæddu. Sigmund er fæddur í Noregi 1931, en var á fjórða árinu, þegar foreldrar hans fluttu til Íslands og settust að á Akureyri. Faðir hans heitir Jóhann Baldvinsson lóngum kallaður „Jóhann norski“. Hann hafði gert strandhög i Noregi og hafði heim með sér eiginkonu. Hún heitir Cora og þau hjón búa nú á Skagaströnd.

Sigmund ólst upp á Akureyri til 9 ára aldurs, en um búskap foreldra sinna segir hann, að það fólk munu naumast til á landi hér, sem fluttu til jafnóft búferlum sem þau. Stundum bjó fjólskyldan á Akureyri, stundum á Svalbarðseyri, Dagverðareyri eða Skagaströnd — og alltaf verið að flytja milli húsa á þessum stöðum. Börnin urðu sjö og efnahagurinn var bröngur svo ekki sé meira sagt, en alltaf nóg að borða. Jóhann norski var vélstjóri og lóngum við hvalveiðar eða selveiðar á norskum selföngurum í Ishafinu.

EKKI var Sigmund búinn að slita barnskónum, þegar honum fór að verða hugleikið að fást við teikningar. Hann minnist þess að kennslukona hafi kennit honum ungum að loka augunum, sjá eitthvað fyrir sér og tekna það síðan.

En þorpin á Norðurlandi, sem áður eru nefnd, voru vettvangur æsku hans og á Skagaströnd knyntist hann ungrí stúlkuna frá Vestmannaeyjum, Helgu Ólafsdóttur, sem varð konan hans. Þau byrjuðu búskap á Skagaströnd, þá var Sigmund vélstjóri í frystihúsi og fékkst við að málá myndir. Það þótti ekki einleikið hvað hann hafði alla til hneigist til þess, en þegar hann litur til baka þá finnst honum að það skoplega hafi alltaf yfirskyggt alvörðuna.

Einu sinni átti að láta á það reyna, hvort strákurinn gæti orðið alvarlegur listamaður og á þeim tíma var það hreint ekki svo litlu kraftverk að vera sendur frá Skagaströnd í Handiðaskólanum — líklega talið að eitthvað væri hægt að gera þarfara.

Kurt Zier var skólastjóri um þetta leyti og fyrst voru nemendur teknir í mánaðartíma til reynslu. Sigmund gekk ekki ver en öðrum að teikna uppstillingarnar, en létt ekki þar við sitja, heldur bætti hann við skopmyndum af kennurumnum eftir því sem plássíð leyfði á blaðinu. Og að mánuðnum liðnum tilkynnti skólastjórin honum, að því miður gæti þessi virðulega stofnun ekki tekið við honum sem nemanda.

Raunar segir Sigmund nú, þegar hann litur til baka, að alvarlegur listamaður hefði hann aldrei getað orðið. Hins vegar hefði verið ágætt að fá einhverja undirstöðu í teikningu.

O

Sigmund og Helga fluttust til Vestmannaeyja 1954 eða 55; hann man það ekki nákvæmlega. Þá var að taka því sem gefst og í fyrstu var hann við flókun í frystihúsi og síðan verkstjóri

bar. Að fara úr vélgæzlu í handflökun var talsverð breyting á högum og viðbrigði á ýmsan hátt.

Skömmu eftir búferlaflutningana til Eyja var ráðið í húsbýggingu og húsið þeirra að Brekastig 12, sem nú er 20 ára var eitt þeirra sem stóð af sér gosið. Sigmund hefur teiknistofu í risherbergi; þar er flest í meiri röð og reglu en almennit tókast á þess konar verkstæðum.

Í gerð eldhússins hefur uppfinningsamaðurinn farið á kostum; það gæti verið úr kvíkmynd um lífið á 21. öldinni eða hannað fyrir geimskip. Kjarni eldhússins er hringlaga og stendur á gölinu miðju. Svo daemi sé nefnt um tækniafreki Sigmunds í eldhúsinu, þá má geta þess að maður getur staðið á sama punkti og farið í alla efri skápana, því þeir snúast í kringum kjarnann.

Sigmund kann ekki vel við sig annarsstaðar en í Vestmannaeyjum ný orðið. En samneyti við fólk þar í bænum hefur hann ekki ýkja mikil. Að sumu leytu er það vinna sem einangrar, segir hann og að nokkrum leytu hefur það til komið vegna þess að hann var um árabil verkstjóri og þeir geta átt á hættu að einangrast. „Frystihús er alveg heimur út af fyrir sig“, segir Sigmund.


O

Eins og áður var vikið að, taldi Sigmund sig hafa nokkuð annað mat á verðmætum lífsins en fyrir gos. Áður fóru þau hjónin til útlanda; stundum jafnvel tvívar á ári. En nú er langt um liðið síðan þau hafa farið og Sigmund sagði, að sig langaði ekki lengur út fyrir pollinn. „Min hugmynd um gott líf, er að geta verið heima — æsingalitið,“ sagði hann. Íþróttir standar hann ekki utan sund og hobbygjög sitt gerði hann að atvinnu og situr svo uppi hobbýlaus að mestu síðan.

Teikningarnar vinnur Sigmund nokkra daga fram í tímann. Hann talar um, að helzt vildi hann geta séð það í blaðinu á morgun sem hann teiknar í dag. En á því eru tæknilegir annmarkar. Auk þess kann flug að teppast til Eyja dögum saman og þá þarf blaðið að eiga tvær eða þríðir teikningar til vonar og vara.

Stundum er talað um, að Íslendingar séu litlir húmoristar, en það er naumast rétt. Þeir eru það á sinn hátt. Sérgein landans eru næfngiftir ýmskonar og uppnefni, sem stundum hitta óþægilæga nærrí markinu. Mér koma til hugar nýrði eins og Spilver sjóðanna (Framkvæmdastofnunin) og Framsóknarvist (gæzlavarðhald). I verstdó eins og Vestmannaeyjum hefur húmorinn ugglaut sérstakan blæ og þá tegund af gamansemi þekkir Sigmund best. Um það segir hann svo:

„Það má segja að gamanið sé stundum grátt. Þeir sem vinna við fisk og fiskvinnslu, hafa ákveðinn húmor, sem er grófur og oft heldur kaldranalegur eins og líf sjómannsins er og var. Nei, hér eru engir danskættar orðaleikir eða fágúð gamansemi. Menn sem búa í stöðugu náðýli við harðræði og hættu líta öðruvísi á hlutina og þeir hafa annarskonar skopskyn. Og það verður að segjast eins og það er, að ærið oft er gaman-íð að kostnað náungans.“



Eldhúsið á Brekastig 12 hefur Sigmund sjálfur hannað og mun það vart eiga sinn líka. Þar hefur uppfinningsamaðurinn farið á kostum. Miðja eldhússins er byggð utanum óxul og efri skáparnir snúast utanum óxulinum.

Sveinn Bergsveinsson

HLJÓÐLÁTT FERÐALAG

Sál míni er þreytt —
Ég sé enga von,
mér sýnist dagur hver opin gróf.

Mér var ýmislegt veitt, —
þótt ég ætti ekki son.

Aftur tók náttúran sína gjöf.

Og má aðeins þjást, —
og mælt út það pund
að mega ekki riða í eigið hlað.

Það flaug til míni ást
þessa einu stund,
þegar árröðull fluttist úr hádegisstað.

Andvari — kul
síðan ofsarok
ýfði mitt hár sem varð snemma hvít.

Svo heilsa menn þul, —
síðan hljóðlát lok.
Og menn harma að gerist hér ekkert nýtt.